

Mál nr. 298/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Farmtrygging.

Nafn vátryggingartaka (X)

Umfang tjóns.

Gögn.

74. Málskot mótttekið 28. ágúst 2023.
75. Bréf V dags 25. september 2023.
76. Viðbótarathugasemdir M dags. 26. september 2023 ásamt fylgiskjali.
77. Viðbótarathugasemdir V dags. 13. október 2023 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tjón hafi orðið á húsi sem sé í eigu M, við flutning þess. Starfsmaður A, sem séð hafi um flutninginn fyrir X, hafi þannig augljóslega lyft húsinu upp með göfflum en sérstaklega hafi verið beðið um að þeirri aðferð væri ekki beitt. Sé bunga í gólfi hússins á tveimur stöðum og eins hafi rignt inn í húsið enda hafi dyr þess verið opnar þar sem ekki hafi verið hægt að loka þeim vegna skekkju og hafi það leitt til skemmda á gólfefni. V hafi viðurkennt bótarétt að hluta, en hins vegar kannist forsvarsmenn X ekki við að gólfefni hafi skemmst í flutningi. Án frekari sannana um að það tjón hafi komið til við flutning hafi bótaskyldu vegna þess þáttar því verið hafnað. V hafi þá metið tjónið á 100.000 kr., en það sé bara smáræði miðað við þá vinnu sem þurfi að leggja í til að laga gólfið. Taka þurfi öll gólfefni og gólflista af húsinu, skipta þurfi um gólfefni við útidyrhurð og laga bita undir húsinu og leggja gólfefni að nýju. Augljóst sé að kostnaður við þær framkvæmdir nemi mun hærri fjárhæð en 100.000 kr.

Í athugasemdum V er tekið fram að X hafi framselt bótarétt sinn úr vátryggingunni til M. V hafi boðið bætur til samræmis við sjáanlegt tjón og telji ósannað að umfang tjónsins sé meira en því nemur. Fyrir liggja að skemmdir hafi orðið á botnplötu hússins við flutninga en aðrar skemmdir séu ósannaðar. Þá hafi húsið sem sé með þverbitum, verið lagt á þversökkla eftir flutninginn og sé því erfitt að sanna hvort tjón á því sé að rekja til flutnings með lyftara eða ófullnægjandi undirstaðna. Bóatilboð V nái til sýnilegra skemmda eftir lyftarann en ekki sé sýnt fram á frekara umfang tjónsins.

Í viðbótarathugasemdum M er því sérstaklega mótmælt að um þverbita og þversökkla sé að ræða enda sé það ekki rétt samkvæmt teikningum sem M leggur fram.

Álit.

Ágreiningslaust er að um bótskyt tjón er að ræða, þ.e. að M eigi að fá tjón sitt bætt, en ágreiningur er um umfang þess, þ.e. þá bótafjárhæð sem M eigi rétt á en það hvílir á tjónþola að sýna fram á umfang tjóns síns. Fyrir nefndinni liggja engin frekari gögn um umfang tjónsins, t.a.m. ekki mats- eða álitsgerðir óháðra aðila um tjónið eða ætlaðan viðgerðarkostnað vegna þess né heldur liggja fyrir ljósmyndir eða önnur gögn um tjónið. Fyrir liggur að V hefur boðið fram bætur og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni hefur ekki verið sýnt fram á að umfang tjóns M sé meira en sem nemur því tilboði. Hallann af því verður M að bera og verður því að hafna kröfu þess.

Niðurstaða.

M á ekki frekari rétt til bóta úr farmtryggingu X hjá V en V hefur þegar fallist að greiða.

Reykjavík, 24. október 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir